




Erindisbréf starfshóps um endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar í túlka- og þýðingarþjónustu

Stefna Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarþjónustu og tillögur starfshóps um túlka- og þýðingarþjónustu voru samþykktar í borgarráði þann 1. júní 2017. Stofnaður hefur verið starfshópur um endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar í túlka- og þýðingarþjónustu, samkvæmt aðgerðaráætlun í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Starfshópurinn mun endurskoða stefnuna og vinna aðgerðaráætlun. En einnig koma með tillögu að gæða- og eftirlitskerfi með þjónustu túlka, túlkaþjónustu og þýðenda sem eru hluti af rammisamningi Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi eru drög að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar í túlka- og þýðingarþjónustu, til staðfestingar í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði.

Virðingarfyllst,


Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

ERINDISBRÉF

Starfshóps um endurskoðun stefnu Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarþjónustu

Stefna Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarþjónustu og tillögur starfshóps um túlka- og þýðingarþjónustu voru samþykktar í borgarráði þann 1. júní 2017. Leiðarljós stefnu er að starfsfólk Reykjavíkurborgar leggi áherslu á að veita öllum íbúum borgarinnar góða þjónustu og sinni leiðbeininga- og upplýsingaskyldu sinni. Samkvæmt mannréttindastefnu borgarinnar skal tryggt að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu borgarinnar.

Markmið:

Að endurskoða stefnu Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarþjónustu og koma með aðgerðaráætlun sem mun styðja við innleiðingu stefnunnar.

Hlutverk starfshópsins:

- Að endurskoða stefnu Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarþjónustu og vinna aðgerðaráætlun.
- Koma með tillögu á gæða og eftirlitskerfi með þjónustu túlka, túlkaþjónustu og þýðenda sem eru hluti af rammisamningi Reykjavíkurborgar.
- Fræða starfsfólk Reykjavíkurborgar um túlka- og þýðingarþjónustu.

Ábyrgðarmaður:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri.

Starfshópin skipa:

Sérfræðingur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu (formaður)
Fulltrúi skóla- og frístundasviðs
Fulltrúi velferðarsviðs
Fulltrúi þjónustu- og nýsköpunarsviðs
Fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Starfsmaður:

Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.
Formaður undirbýr fundi hópsins og gerir tillögur um verkefnisstjórnun og verkaskiptingu.

Starfstími vinnuhóps:

Skil lok september 2022

Til mögulegrar ráðgjafar og samstarfs, meðal annars:

Svið og skrifstofur borgarinnar
Félagasamtök
Sérfræðingar í túlka- og þýðingarmálum